

**Fundargerð 131. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 14. febrúar 2017, kl. 08:30.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Halldórsson (yfirlagaf fund kl. 10:00) og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir og Hjörleifur Finnsson.

**Dagskrá**

- 1) Fundargerðir samþykktar og þær undirritaðar.
  - a. Fundargerðir 129 og 130 samþykktar og undirritaðar.
- 2) Farið yfir þá upphæð sem er til úthlutunar 2017.
  - a. Sólrún rekstrarstjóri FMS fer yfir stöðuna á þeirri upphæð sem er til úthlutunar 2017. Samkvæmt fjárlögum eru 576 m.kr. til úthlutunar, þá á eftir að draga frá launa- og rekstrarkostnað. Hins vegar gætu 45 m.kr. verið í aukafjárlögum, en beðið er eftir frekari staðfestingu á því frá ráðuneytinu.
    - i. Sólrún mun gera grein fyrir endanlegri styrkupphæð á næstu dögum.
  - b. Stjórn óskar eftir stöðu á úthlutuðum styrkjum.
    - i. Sólrún útvegar fyrir næsta fund.
- 3) Yfirferð umsókna
  - a. Yfirferð umsókna haldið áfram og styrkupphæðir athugaðar.
- 4) Rökstuðningur við val á tillögum
  - a. Starfsmenn FMS eru að undirbúa skjal með tillögum stjórnar um styrki og styrkþega sem senda á ráðherra. Farið yfir það sem komið var og texti lagfærður.
- 5) Ákvörðun um afhendingum til ráðherra
  - a. Tillögur að styrkjum verða tilkynntar ráðherra föstudaginn 24. febrúar næstkomandi eða þriðjudaginn 28. febrúar.
- 6) Önnur mál
  - a. Sævar óskar eftir upplýsingum hvernig staðið er að málum þegar kemur að afturköllun styrkja. Hvort þeir peningar sem ekki eru nýttir renni aftur í sjóðinn og hægt að úthluta þeim aftur?
    - i. Starfsmenn FMS munu skoða málið fyrir næsta fund.

Næstu fundir

21. febrúar

28. febrúar

Fundi slitið kl. 11:10

Fundargerð ritaði :

Undirskriftir stjórnarmanna

Allina Þorvaldsson  
Rannvá Þórdóttir  
Anna Þórssdóttir  
Sóra Skarðsdóttir